

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 34 904 000 kr. vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 16 500 kr. að lágmarki og 165 000 kr. að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysáttryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3 496 000 kr. við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skotvopnaleyfi.

1. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	2 000
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	1 000
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16/1978, sbr. rg. nr. 174/1979	1 000

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsg. 8. gr. reglugerðar nr. 16/1978.

2. gr.

Gjöld þessi renna í ríkissjóð.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Jafnframt fellur úr gildi 11. gr. reglugerðar um dómsmálagjöld o.fl., nr. 642 28. desember 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.